

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.10.2015
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1510152

Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2016

Reykjavík 07.10.15

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn. Til Stígamóta leitar fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi en á síðastliðnu ári komu 617 manns í viðtöl, þar af 306 í fyrsta skipti. Fjöldi ráðgjafarviðtala var 2146 og aðstandendur brotaþola voru 57. Stígamót bjóða upp á viðtalsþjónustu sem og netspjall en það hefur einkum nýst fólki utan höfuðborgarsvæðisins. Að auki fer fram hjá Stígamótum umfangsmikið starf í sjálfshjálparhópum fyrir bæði konur og karla auk fræðslu og annarra verkefna. Öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Stígamót hafa í mismiklum mæli boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka við íbúa á Suðurfjörðum Vestfjarða. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögin ferðakostnað.

Starfsemin hefur verið aukin og bætt á undanförunum árum. Vitað var að karlar og fatlaðir nýttu ekki þjónustuna sem skyldi. Bætt var úr því með ráðningu karls og sérfræðings í málefnum fatlaðra og hefur það skilað sér í vitundarvakningu og aukinni aðsókn þessara hópa. Jafnframt var á þessu ári hafin ráðgjöf í gegnum netið sem nýtist fólki utan höfuðborgarsvæðisins vel.

Mikil umræða á samfélagsmiðlum um kynferðisofbeldi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og stefnir í metaðsókn í ár ef fram heldur sem horfir.


Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirking, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólki áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólki hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir

Guðrún Jónsdóttir
talskona Stígamóta
Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2016



Fjárhagsáætlun Stigamóta fyrir árið 2016

Rekstrargjöld:	Arsreikningur 2014	Framreiknuð áætlun 2015	Áætlun 2016
Laun og launatengd gjöld	83.577.734 kr.	78.202.000 kr.	85.000.000 kr.
Húsnæðiskostnaður	7.272.906 kr.	8.500.000 kr.	8.500.000 kr.
Rekstur skrifstofu	3.219.939 kr.	3.500.000 kr.	3.400.000 kr.
Ferðakostnaður	2.641.864 kr.	2.700.000 kr.	2.800.000 kr.
Tæki, áhöld, viðhald búnaðar	5.296.361 kr.	4.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Kynning, námskeið, ráðst., útgáfa	1.036.078 kr.	3.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Annar kostnaður	6.996.329 kr.	7.000.000 kr.	7.000.000 kr.
Samtals	110.041.211 kr.	106.902.000 kr.	114.700.000 kr.
Rekstrartekjur:			
Fjársýsla ríkisins - á fjárlögum v/2015	- 72.251.913 kr.	- 65.500.000 kr.	- 67.000.000 kr.
Styrkir frá sveitarfélögum	- 10.473.490 kr.	- 13.000.000 kr.	- 12.000.000 kr.
Framlög frá einstaklingum	- 17.943.750 kr.	- 18.000.000 kr.	- 18.000.000 kr.
Önnur framlög	- 3.873.008 kr.	- 5.200.000 kr.	- 5.000.000 kr.
Samtals	- 104.542.161 kr.	- 101.700.000 kr.	- 102.000.000 kr.
<i>Sá hluti rekstrar sem fé vantar til:</i>	5.499.050 kr.	5.202.000 kr.	12.700.000 kr.